

1865.

8. júlí.

49. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um þóknun handa yfirsetukonu á Vestmannaeyjum fyrir aðstoð þá, er hún veitir sjúkum.

Eptir að hafa skrifazt á við fjárstjórnina, hefir dómsmálastjórnin samkvæmt uppástungu yðar, herra stiptamtmaður, í bréfi dagsettu 27. marzmán. þ. á. veitt Solveigu Markússen, yfirsetukonu á Vestmannaeyjum, fyrst um sinn á meðan læknisembættið þar er óveitt, 10 ríkisdali um mánuðinn frá 1. degi aprílmán. þ. á. í þóknunarskyni fyrir að veita hinum sjúku þar á eyjunum aðstoð þá, sem henni er auðið, eptir því sem ástatt er.

Um leið og yður er kunngjört þetta yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörðið það, þá skal þess getið, að samkvæmt uppástungu yðar ber að greiða þóknun þessa af launum þeim, sem ákveðin hafa verið handa læknisembættinu á Vestmannaeyjum, og að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið ritað um að greiða þóknunina úr jarðabókarsjóðnum.

15. júlí.

50. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk handa lestrarfélagi á Vestmannaeyjum.

Eptir að dómsmálastjórninni nú með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 7. júlímán. f. á., hefir borízt listi yfir bækur þær, sem forstöðumenn lestrarfélagsins á Vestmannaeyjum einkum hafa æskt eptir að keyptar væru, hefir dómsmálastjórnin veitt lestrarfélagi þessu 200 rd. til þess að kaupa bækur fyrir; höfum vèr síðan látið kaupa rit þau, er nefnd eru á lista þeim, sem fylgir með bréfi þessu, og hefir fè það, sem veitt var, gengið upp til þess að kaupa bækurnar og binda þær, og til umbúða um þær.

Þetta gefst yður hérmeð til vitundar, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörðið það, og

skal því við bætt, að bækurnar hafa verið afhentar N.N. Bryde, íslenzkum kaupmanni, til þess að hann annist um að þær verði sendar til Vestmannaeyja með fyrsta skipi sem þangað fer.

1865.
15. júlí.

51. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um eptirgjöf á landskuld og leigum af Undirhrauni.¹

15. júlí.

Með bréfi dagsettu 6. marzmán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent oss eptirrit af skoðunargjörð á húsum þeim, sem Jón Jónsson og Bjarni Sigurðsson, ábúendur á hálfri jörðinni Undirhrauni, er heyrir undir Kirkjubæjar klausturs umboð, hafa flutt og byggt upp aptur af nýjum viðum. Þar eð nauðsynlegt var, eptir því sem umboðsmaður hefir skýrt frá, að flytja húsin á báðum jarðarpörtum þessum, og þóknun sú, sem ábúendurnir mælast til að fá, er mjög sanngjarnleg í samanburði við vinnu þá og fè, sem verja hefir orðið til flutningsins, hafið þér lagt það til, að leiguliðum þessum sè gefnar eptir leigurnar, sem þeir eiga að gjalda um Mikaelsmessu 1864, og landskuldin í fardögum 1865 og 1866; hafið þér og getið þess, að jarðarafgjöld hvors ábúandans um sig, þau sem þér hafið stungið uppá að gefin sèu eptir, sèu þessi:

15 álnir eptir meðalverði á ullu, smjöri og tólg,	
eptir verðlagsskránni fyrir árið 1865—66;	
alinin á 29 sk.	4 rd. 51 sk.
15 álnir, alinin á 8 sk.	1 — 24 —
10 álnir í smjöri eptir verðlagsskránni fyrir árið	
1864—65	2 — 33 —
og landskuldin í fardögum 1866, metin eptir áætlun	5 — 80 —
	alls 13 rd. 92 sk.

eða hërumbil 14 ríkisdalir.

¹) Smbr. bréf dómsmálastjórnarinnar 6. júlímán. 1864, á 66. bls. hér að framan.]